

## **Umsögn dómnefndar**

**samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla  
um umsækjendur um embætti dómara við Landsrétt sem auglýst  
var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 3. janúar 2020**

**Reykjavík, 18. mars 2020**

## Efnisyfirlit

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti.....	2
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á.....	2
3. Um málsmeðferð dómnefndar .....	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur.....	7
5. Mat á umsækjendum .....	12
5.1. Menntun og framhaldsmenntun.....	12
5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun - samanburður .....	12
5.2. Reynsla af dómstörfum .....	13
5.2.1. Reynsla af dómstörfum - samanburður .....	14
5.3. Reynsla af lögmannsstörfum.....	15
5.3.1. Reynsla af lögmannsstörfum - samanburður.....	15
5.4. Reynsla af stjórnarsýslustörfum .....	16
5.4.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum - samanburður.....	17
5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl. ....	17
5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	17
5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf - samanburður .	18
5.5.2. Útgefna greinar og bækur, ritstjórn o.fl. ....	18
5.6. Reynsla af stjórnun.....	19
5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. ....	20
5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi .....	21
5.9. Sérstök starfshæfni.....	22
6. Niðurstaða dómnefndar.....	24

## **1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti**

Með bréfum 23. og 24. janúar 2020 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 3. janúar 2020. Skipað verður í embættið hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda hefur lokið störfum.

Um embættið sóttu Ásmundur Helgason landsréttardómari, Ástráður Haraldsson héraðsdómari, Ragnheiður Bragadóttir landsréttardómari og Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 620/2010 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að allir umsækjendur uppfylli þau skilyrði. Áður en sú afstaða lá fyrir tók ráðuneytið sérstaklega til athugunar hvort lög standi því í vegi að umsóknir þeirra Ásmundar Helgasonar og Ragnheiðar Bragadóttur, sem nú þegar hafa skipun sem dómarar við Landsrétt, verði teknar til meðferðar. Niðurstaða þeirrar athugunar er að svo sé ekki, sbr. bréf ráðuneytisins til dómnefndar 23. janúar 2020. Samkvæmt þessu mun nefndin leggja mat á hæfni allra umsækjenda enda ekki á valdsviði hennar að taka afstöðu til framangreindrar ákvörðunar ráðuneytisins.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

## **2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á**

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 12. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 50/2016 kemur fram að það ákvæði svari til 2. og 3. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 sem var breytt með 2. gr. laga nr. 45/2010. Um skýringu ákvæðisins er vísað til athugasemda við 2. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 45/2010 en þar segir m.a. að brýnt sé að vandað verði til allrar málsmeðferðar hjá dómnefndinni, en ekki er gert ráð fyrir því að hún raði



öllum umsækjendum um embætti í tiltekna flokka. Sé það hlutverk dómnefndarinnar að fjalla um umsækjendur um embætti dómara, draga fram hæfustu umsækjendurna og gera jafnframt grein fyrir því hvern eða hverja hún telur hæfasta úr hópi þeirra. Svo segir: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Páverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

*Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.*

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:



1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnarsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýttast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998 um dómstóla er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrétt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.“ Í 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttað í

upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Markmið laga nr. 10/2008 er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal starf, sem laust er til umsóknar, standa opið jafnt konum sem körlum og í 1. mgr. 24. gr. þeirra er kveðið svo á um að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Samkvæmt 2. tölulið 2. gr. laganna telst það óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Þá ber þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítill nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir og karl sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma réttarins H 1993, 2230, H 1996, 3760, H 1998, 3599 og H 2006, 4891. Á þetta sjónarmið kann almennt að reyna að álit nefndarinnar við ákvörðun ráðherra um veitingu dómaraembættis hafi dómnefnd metið tvo eða fleiri umsækjendur jafnhæfa til að gegna því.

Í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 45/2010 er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (*On the Independence, Efficiency and Role of Judges*) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.



### 3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð þessa máls hefur Ragnheiður Harðardóttir vikið sæti vegna vanhæfis á grundvelli 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Varamaður Ragnheiðar, Halldór Halldórsson, hefur upplýst að honum sé ekki fært að taka þátt í störfum nefndarinnar vegna fjarveru erlendis. Þann 3. febrúar 2020 tilnefndi dómstólasýslan Eyvind G. Gunnarsson, *ad hoc* sem nefndarmann í dómnefndina. Með bréfi 1. mars 2020 upplýsti Ragnhildur Helgadóttir að hún sæi sér ekki fært að taka þátt í meðferð málsins vegna óviðráðanlegra forfalla, og tók varamaður hennar, Sigríður Þorgeirsdóttir, sæti í nefndinni frá sama tíma.

Þeim dómnefndarmönnum sem taka þátt í meðferð málsins er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra. Hinn 4. febrúar 2020 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Hinn 13. febrúar 2020 barst dómnefndinni erindi frá einum umsækjanda þar sem krafist var að þrír nefndarmenn vikju sæti við mat á hæfni umsækjandans um embættið. Erindi umsækjandans var tekið fyrir á fundi dómnefndar 17. febrúar 2020 og því hafnað með rökstuðningi.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur þann 26. febrúar 2020, en Sigríður Þorgeirsdóttir, varamaður Ragnhildar Helgadóttur, hlýddi á upptöku af viðtölunum þann 2. mars 2020.

Í framangreindri auglýsingu frá 3. janúar 2020 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um embættið upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd, bæði munnlega og skriflega, upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þá segir m.a. í athugasemdum við þá málsgrein er varð að 2. mgr. 4. gr. a í lögum nr. 15/1998, sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 45/2010, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, að dómnefnd sé rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur og hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2016 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum,



sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör umsagnaraðilanna. Lagði dómnefndin til grundvallar umsagnir þeirra er umsækjendur höfðu tilnefnt sem umsagnaraðila.

Eins og áður segir fór ráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi 24. janúar 2020 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Í ljósi þess að nefndin kom fyrst saman fullskipuð á fundi þann 4. febrúar 2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnssýslulaga, frá þeim degi til 17. mars 2020. Í sömu grein er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda og þess háttar.

Þess skal getið að hæfni allra umsækjenda hefur áður verið metin af dómnefnd vegna umsókna þeirra um embætti landsréttardómara, sbr. umsagnir dagsettar 19. maí 2017, 22. júlí 2019 og 11. febrúar 2020.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2016 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 6. mars 2020, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 13. mars kl. 12:00. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að athugasemdir yrðu sendar sem fyrst ef unnt væri.

Athugasemdir bárust frá tveimur umsækjendum og var farið yfir athugasemdir þeirra á fundi nefndarinnar 16. mars 2020. Gáfu þær aðeins tilefni til örlítilla orðalagsbreytinga, en breyttu hins vegar ekki þeim ályktarorðum sem fram komu í drögunum sem umsækjendum voru send.

#### **4. Almennar upplýsingar um umsækjendur**

Hér á eftir verður næst veitt stutt ágríp um menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og viðmið á grundvelli þeirra megin sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því sem þeir hafa talið þar upp heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

*Ásmundur Helgason* er fæddur 30. desember 1969 og er því 50 ára. Hann lauk BA-prófi í sagnfræði og heimspeki frá Háskóla Íslands í júní 1994 með lokaritgerð á sviði réttarsögu. Embættisprófi í lögfræði lauk hann frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1999. Þá hefur hann sótt ýmis símenntunarnámskeið, bæði hérlendis og erlendis. Árið 2007 öðlaðist hann réttindi sem héraðsdómslögmaður. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis, og gegndi að auki starfi skrifstofustjóra embættisins um hálfis árs skeið, en frá september 2005 og fram til aprílloka 2008 gegndi hann starfi aðstoðarmanns hæstaréttardómara. Frá þeim tíma starfaði hann sem lögfræðingur á skrifstofu Alþingis og fáum mánuðum síðar tók hann við starfi aðallögfræðings. Í maí 2010 var hann skipaður héraðsdómari, en hefur gegnt embætti landsréttardómara frá 1. janúar 2018. Umsækjandinn hefur verið fastur dómari í Félagsdómi frá nóvember 2013 og setið sem varadómari í Hæstarétti í fimm málum. Hann var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands á árabílinu 2002-2006 og aftur á árinu 2010 þar sem hann kenndi aðallega starfsmannarétt, en einnig stjórnarsýslurétt. Hann var einnig stundakennari við félagsvísindadeild, stjórn málafræðiskor, við sama skóla 2004-2009 þar sem hann kenndi stjórnarsýslurétt, en þó aðallega reglur um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna á námskeiði um mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera haustin 2005-2009. Hann hefur einnig kennt þingreglur í nokkur skipti á námskeiði fyrir verðandi lögmennt, svo og sönnun í einkamálum. Þá hefur hann um árabíli verið prófdómari í stjórnarsýslurétti og opinberum starfsmannarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Hann hefur flutt erindi um réttarsögu og lögfræði á ýmsum vettvangi, þar með talið á sviði réttarfars, hérlendis og erlendis. Hann hefur ritað fjóra kafla í fyrsta bindi *Stjórnarráðs Íslands 1964-2004* sem fjallaði um skipulag og starfshætti, tvo kafla einn og tvo ásamt öðrum. Þá var umsækjandinn höfundur eins kafla í bráðabirgðaútgáfu að kennsluriti í opinberum starfsmannarétti, en sá kafli hefur nú verið uppfærður og mun koma út síðar á árinu í riti um opinberan starfsmannarétt. Hann hefur ritað fjórar greinar um lögfræði sem birst hafa í lögfræðiritum og safnritum í lögfræði, þar af eina ritrýnda. Af aukastörfum umsækjandans má nefna að hann hefur sinnt ráðgjöf við undirbúning lagasetningar fyrir ráðuneyti, m.a. vegna laga um Stjórnarráð Íslands, laga um menningarminjar, laga um skil menningarverðmæta til annarra landa og safnalaga. Þá samdi hann frumvarp



til laga um breytingu á lögum um utanríkisþjónustu Íslands. Hann sat í fagráði sem undirbjó námskeið fyrir dómara og aðstoðarmenn þeirra á vegum dómstólaráðs. Umsækjandinn var formaður fornleifanefndar 2010-2012 og varaformaður kærunefndar barnaverndarmála frá 2013 til ársloka 2015 og tók þar sæti í einu máli. Hann var settur formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í einu máli. Þá hefur hann verið varamaður í úrskurðarnefnd velferðarmála frá árinu 2016, en tók sæti í forföllum skipaðs nefndarmanns haustið 2017 til ársloka það ár og aftur frá september 2019 til febrúarloka 2020. Hefur hann tekið þátt í úrlausn um 75 mála. Umsækjandinn hefur verið nefndarmaður í prófnefnd um réttindi til að verða héraðsdómslögmaður frá árinu 2014.

*Ástráður Haraldsson* er fæddur 27. ágúst 1961 og er því 58 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í mars 1990. Þá hefur hann sótt ýmis símenntunarnámskeið bæði hérlendis og erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í mars 1991 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands í maí 1995. Að loknu laganámi hóf hann störf sem fulltrúi á lögmannsstofu þar sem hann varð meðeigandi 1992. Frá þeim tíma starfaði umsækjandinn sem sjálfstætt starfandi lögmaður uns hann var skipaður héraðsdómari í byrjun árs 2018. Hann var í hlutastarfi lögmaður og forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alpýðusambands Íslands 1995-2000. Frá ársbyrjun 2019 hefur umsækjandinn verið í hlutastarfi sem aðstoðarsáttasemjari við embætti ríkissáttasemjara. Umsækjandinn var í hlutastarfi dósents við Háskólann á Bifröst frá árinu 2002 til september 2017. Við skólann kenndi hann fyrst og fremst vinnurétt í grunnnámi, en kom einnig að kennslu í stjórnisýslurétti og starfsmannarétti. Síðari árin fékkst umsækjandinn aðallega við kennslu í fullnusturéttarfari á meistarastigi en einnig á sérstöku námskeiði um málflutning fyrir dómi. Einnig hefur hann kennt á námskeiði Lögmannafélags Íslands fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt frá 2002 til 2006 og var prófdómari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000-2004, auk þess að vera stundakennari í vinnurétti við sama skóla 2000 og 2004. Þá kenndi hann á námskeiði um starfsmannastjórnun hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2001. Eftir umsækjandann liggja fjórar tímaritsgreinar um lögfræðileg málefni auk þess sem hann getur um 13 slík erindi og framsögur á fundum ýmissa félaga og stofnana, þar með talið á sviði réttarfars. Af



aukastörfum umsækjandans má nefna að hann hefur tekið sæti í fimm málum í Félagsdómi, hann sat í umferðarnefnd Reykjavíkur 1990-1994, gegndi formennsku í rannsóknarnefnd sjóslysa 1991-1992 og var í samráðsnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1995-2000. Hann átti sæti í yfirkjörstjórn Reykjavíkur 1995-2003, sat í stjórn Aflvaka Reykjavíkur 1996-2000, var kjörinn í útvarpsréttarnefnd 1998-2004 og sat í kærunefnd húsnæðismála 1999-2003. Umsækjandinn átti sæti í háskólaráði Háskóla Íslands 1986-1988 og var í stjórn Háskólans á Bifröst 2006-2012. Umsækjandinn sat um skeið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur árið 2007. Hann var formaður yfirkjörstjórnar Reykjavíkur 2006, átti sæti í landskjörstjórn 2003-2018 og var formaður hennar 2009-2011. Hluta ársins 2017 sat hann í stjórn Lögmannafélags Íslands. Auk þessa átti hann sæti í stjórnnum ýmissa fyrirtækja í tengslum við lögmannsstörf sín. Umsækjandinn stýrði ásamt öðrum vinnu við gerð frumvarps til laga um breytingu á vatnalögum og kom að störfum sem tengjast undirbúningi lagasetningar og fullgildingu EES-gerða, bæði sem lögfræðingur ASÍ og sem ráðgjafi fjármálaráðherra 2009-2013.

*Ragnheiður Bragadóttir* er fædd 18. febrúar 1963 og er því 57 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 1989. Á vor- og haustmisseri 1995 stundaði hún nám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla sem gestanemandi án próftöku og lagði þar áherslu á réttarfar, en sat einnig tíma í Evrópurétti, mannréttindum og réttarskiðfræði. Þá hefur hún sótt símenntunarnámskeið bæði hérlendis og erlendis. Umsækjandanum var veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi í maí 1996. Að loknu embættisprófi 1989 hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík og gegndi því starfi til 1. júlí 1992. Frá og með þeim degi til 15. ágúst 1997 starfaði hún sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn starfaði sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara frá 15. ágúst 1997 til 15. janúar 1999, en þá var hún sett til þess að gegna starfi héraðsdómara til 30. júní 2001. Á þeim tíma starfaði hún sem dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Héraðsdóm Vesturlands og Héraðsdóm Austurlands. Í apríl 2002 hóf hún rekstur eigin lögmannsstofu og í desember 2004 stofnaði hún ásamt tveimur öðrum nýja lögmannsstofu þar sem hún starfaði fram í september 2005. Hún var skipuð héraðsdómari og dómstjóri Héraðsdóms Austurlands frá 15. september 2005 og gegndi

Því starfi til 1. september 2008, er hún sótti um flutning til Héraðsdóms Reykjaness og starfaði hún sem dómari við þann dómstól fram til ársloka 2017. Umsækjandinn var skipuð dómari við Landsrétt 8. júní 2017 og hefur hún gegnt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018. Af öðrum störfum skal nefnt að umsækjandinn var skipuð varamaður í óbyggðanefnd í sjö ár frá 1998 til 2005, en á þeim tíma tók hún þátt í samningu sjö úrskurða í jafn mörgum málum. Frá 2000-2005 var hún skipuð varaformaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og tók sæti sem formaður nefndarinnar við afgreiðslu sjö mála. Hún var skipuð aðalmaður í samkeppnisráði 1. maí 2002 til 1. júlí 2005, en á þeim tíma tók ráðið ákvörðun í alls 22 málum. Umsækjandinn var stundakennari í lögfræði við viðskiptadeild Háskóla Íslands 1997 og 1998 og í samningarétti við lagadeild sama skóla 1998. Þá getur hún þess að hún hafi flutt erindi um lögfræðileg málefni. Hún sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2003-2005, þar af sem varaformaður frá 2004, og 2003-2004 sat hún í fræðslunefnd félagsins. Þá sat hún í stjórn Fossbergs ehf. 2001-2005, í stjórn Dómarafélags Íslands 2009-2013 og í stjórn Lögfræðingafélags Íslands 2017-2019.

*Sandra Baldvinsdóttir* er fædd 7. október 1970 og er því 49 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands í júní 1996. Hún lauk meistaraþáttu (LL.M.) í þjóðarétti og umhverfissrétti í júní 2005 við sömu deild. Þá hefur hún sótt símenntunarnámskeið hérlendis. Í nóvember 1998 öðlaðist hún réttindi til að flytja mál fyrir héraðsdómi. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem lögfræðingur hjá Húseigendafélaginu til loka október 1999. Þá tók hún við starfi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þar sem hún starfaði til loka september 2006, lengst af á dómsmála- og löggæslusviði en á lagaskrifstofu ráðuneytisins frá september 2005. Hún var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur þrívegis, frá 1. mars 2006 til 31. júlí 2006 (í leyfi frá störfum í ráðuneyti í fimm mánuði), 1. október 2006 til 31. mars 2007 og 15. apríl 2007 til 15. maí 2008. Þann dag var hún skipuð í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjaness og hefur gegnt því starfi síðan. Þá hefur umsækjandinn verið varadómstjóri sama dómstóls frá 1. ágúst 2017. Af öðrum störfum skal nefnt að 1999 kenndi umsækjandinn á námskeiði til löggildingar fasteignasala sem og námskeiði hjá miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um lög um fjöleignahús. Hún hefur flutt erindi um lögfræði á ýmsum vettvangi hérlendis, þar með talið á sviði réttarfars. Eftir lok starfa í



dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hefur umsækjandinn einnig sinnt nefndastörfum. Var hún fulltrúi í prófnefnd um útgáfu vottorða til flutninga á hættulegum farmi 2005-2007 og í vinnuhópi dómstólaráðs vegna stefnumótunar héraðsdómstólanna 2012. Þá sat hún í stjórn Dómarafélags Íslands frá 2013-2018 og hefur verið varamaður í kærunefnd útboðsmála frá því í maí 2013 þar sem hún hefur tekið sæti í 36 málum, þarf af þremur sem formaður. Enn fremur hefur hún setið í siðaráði Dómarafélags Íslands frá nóvember 2018. Umsækjandinn var í starfshópi Dómarafélags Íslands um siðareglur dómara 2014-2017 og varamaður í prófnefnd um réttindi til að verða héraðsdómslögmaður frá 1. mars 2015.

## **5. Mat á umsækjendum**

### *5.1. Menntun og framhaldsmenntun*

*Ásmundur Helgason* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í janúar 1999, en áður hafði hann lokið BA-prófi í sagnfræði og heimspeki frá sama skóla árið 1994, með lokaritgerð á sviði réttarsögu. Þá hefur hann sótt ýmis símenntunarnámskeið, bæði hérlendis og erlendis.

*Ástráður Haraldsson* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í mars 1990. Hann hefur ekki lagt stund á framhaldsnám að loknu embættisprófi, en sótt ýmis símenntunarnámskeið, þ.á m. erlendis um sáttamiðlun fyrir dómi.

*Ragnheiður Bragadóttir* lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands vorið 1989. Á vor- og haustmíssi 1995 stundaði hún nám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla sem gestanemandi án próftöku og lagði þar áherslu á réttafar, en sat einnig tíma í Evrópurétti, mannréttindum og réttarsíðfræði. Þá hefur hún setið ýmis símenntunarnámskeið, bæði hér á landi og erlendis.

*Sandra Baldvinsdóttir* lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1996. Vorið 2005 lauk hún meistaragráðu (LL.M) í þjóðarétti og umhverfísirétti við sömu deild. Þá hefur hún sótt ýmis símenntunarnámskeið hér á landi.

#### *5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun - samanburður*

Allir umsækjendur hafa lokið embættisprófi í lögfræði, sbr. 6. tölul. 2. mgr. 21. gr. dómstólalaga. Mat í þessum kafla lýtur því að viðbótarnámi sem nýtist



umsækjendum. Hins vegar skal þess getið að ekki hefur verið lagt efnislegt mat á þau símenntunarnámskeið, fræðafundi og ráðstefnur sem allir umsækjendur hafa getið um. Að þessu virtu stendur *Sandra* öðrum umsækjendum frammar í þessum þætti matsins, en hún hefur lokið meistaraþrófi í lögfræði, nánar tiltekið í þjóðarétti og umhverfísirétti. Þar á eftir kemur *Ásmundur* með BA-próf í sagnfræði og heimspeki, með lokaritgerð á sviði réttarsögu. Næst þeim stendur *Ragnheiður*, en hún stundaði nám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla í eitt ár sem gestanemandi án próftöku og lagði þar áherslu á réttarfar, en sat einnig tíma í Evrópurétti, mannréttindum og réttarsviðfræði. *Ástráður* stendur framantöldum að baki í þessum matsþætti.

## 5.2. *Reynsla af dómstörfum*

*Ásmundur Helgason* var aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt í rúm tvö og hálf ár. Hann starfaði í ríflega sjö og hálf ár sem héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur eða frá 15. maí 2010 til 31. desember 2017 er hann tók við embætti landsréttardómara í janúar 2018, en hann hefur ekki sinnt dómstörfum þar frá miðjum mars 2019. Hann hefur verið fastur dómari í Félagsdómi frá nóvember 2013 og setið sem varadómari í Hæstarétti í fimm málum. Þannig á *Ásmundur* að baki tæplega níu ára reynslu sem dómari við héraðsdóm og Landsrétt, jafnframt því sem hann hefur um árabil verið dómari við Félagsdóm. Þá hefur hann setið sem varadómari í Hæstarétti, auk þess að hafa gegnt starfi aðstoðarmanns dómara í Hæstarétti. Störf hans hafa tekið til allra réttarsviða.

*Ástráður Haraldsson* hefur síðustu tvö ár gegnt embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og sinnt aðallega úrlausn einkamála, jafnframt því sem hann hefur sinnt meðferð rannsóknarúrskurða og lögræðismálum. Þá hefur hann tekið sæti sem dómari í Félagsdómi í fimm málum.

*Ragnheiður Bragadóttir* starfaði í þrjú ár að loknu embættisþrófi sem fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík. Frá 1. júlí 1992 starfaði hún í rúm fimm ár sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur. Umsækjandinn starfaði sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara í um eitt og hálf ár, en þann 15. janúar 1999 var hún sett til þess að gegna starfi héraðsdómara til 30. júní 2001. Á þeim tíma starfaði hún sem dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Héraðsdóm Vesturlands og Héraðsdóm Austurlands. Hún var skipuð dómari við Héraðsdóm Austurlands frá 15. september

2005 og gegndi því starfi til 1. september 2008, er hún sótti um flutning til Héraðsdóms Reykjaness. Starfaði hún þar fram til loka árs 2017 er hún tók við embætti landsréttardómara en hún hefur ekki sinnt dómstörfum þar frá miðjum mars 2019. Þá hefur hún setið sem varadómari í Hæstarétti í fjórum málum. Þannig á hún að baki átta ár sem dómarafulltrúi og tæp 16 ár sem dómari í héraðsdómi og Landsrétti. Þá hefur hún setið sem varadómari í Hæstarétti auk þess að hafa gegnt starfi aðstoðarmanns dómara í Hæstarétti. Störf hennar hafa tekið til allra réttarsviða.

*Sandra Baldvinsdóttir* hefur verið dómari við Héraðsdóm Reykjaness frá skipun 15. maí 2008. Þar á undan hafði hún verið settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur þrívegis, þ.e. frá 1. mars 2006 til 31. júlí sama ár, 1. október 2006 til 31. mars 2007 og 15. apríl 2007 til 15. maí 2008. Hún er því með tæplega 14 ára dómarareynslu að baki. Störf hennar hafa tekið til allra réttarsviða.

#### 5.2.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendur reynslu af dómstörfum þótt í mismiklum mæli sé. Við mat á þeirri reynslu verður litið til tímalengdar dómstarfa og eðlis og fjölbreytni starfanna, auk innsendra gagna umsækjenda og opinberra gagna, þar á meðal dóma sem sætt hafa áfrýjun. Einnig er litið til starfa umsækjenda sem fulltrúa eða aðstoðarmanna hæstaréttardómara. Jafnframt er höfð hliðsjón af reynslu umsækjenda af því að hafa setið sem varadómarar í einstökum málum í Hæstarétti og tekið þátt í störfum annarra fjölskipaðra dómstóla, þ. á m. Félagsdómi. Þá hafa tveir umsækjenda þá sérstöðu að hafa starfað sem dómarar við Landsrétt, en reynsla af störfum við þann dómstól hlýtur eðli máls samkvæmt að vega þungt þegar lagt er mat á reynslu af dómstörfum.

Með vísan til framanritaðs telst *Ragnheiður* standa fremst umsækjenda í þessum þætti matsins. Hefur hún lengstan starfsaldur sem héraðsdómari af umsækjendum. Að auki hefur hún reynslu af störfum sem landsréttardómari, varadómari við Hæstarétt og aðstoðarmaður hæstaréttardómara. Á eftir henni kemur *Ásmundur*, en hann hefur einnig reynslu af dómstörfum við Landsrétt, sem varadómari við Hæstarétt og aðstoðarmaður hæstaréttardómara, auk áralangrar reynslu sem héraðsdómari og dómari við Félagsdóm. Næst kemur *Sandra*, sem hefur langa reynslu sem



héraðsdómari, og loks *Ástráður*, en reynsla hans af dómstörfum er mun minni en þeirra sem áður eru taldir.

### 5.3. *Reynsla af lögmannsstörfum*

*Ásmundur Helgason* hefur ekki starfað sem lögmaður, en öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2009.

*Ástráður Haraldsson* hlaut réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1991 og sem hæstaréttarlögmaður 1995. Að loknu embættisprófi árið 1990 starfaði hann sem fulltrúi á lögmannsstofu í eitt ár og síðan óslitið frá 1992 til 2017 sem lögmaður. Frá árinu 1995 til 2000 var hann einnig í hlutastarfi sem lögmaður og forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands. Lögmannsferill hans spannar því rúman aldarfjórðung þegar litið hefur verið til hlutastarfa hans sem dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst. Verkefni umsækjandans sem lögmanns hafa snert flest svið lögfræðinnar, að undanskildum sakamálum, en að drýgstum hluta hafa þau snúið að stjórnsýslu- og vinnurétti, svo og skiptingu þrotabúa, eignaumsýslu og sölu eigna.

*Ragneiður Bragadóttir* hlaut leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi í maí 1996. Hún var sjálfstætt starfandi lögmaður frá apríl 2002 til september 2005 eða í tæp þrjú og hálf ár.

*Sandra Baldvinsdóttir* öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í nóvember 1998. Frá þeim tíma og til loka október 1999 starfaði hún fyrir Húseigendafélagið og flutti nokkur mál fyrir dómstólum.

#### 5.3.1. *Reynsla af lögmannsstörfum - samanburður*

Að *Ásmundi* undanskildum hafa aðrir umsækjendur reynslu af lögmannsstörfum, þótt í mismiklum mæli sé. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er einkum litið til þess hve langan lögmannsferil þeir eiga að baki, en einnig til fjölbreytni starfa og hvort umsækjandi hafi réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti. Þá er tekið mið af því hvort umsækjandi hafi sinnt öðrum störfum samhliða lögmannsstörfum, en þau störf koma til mats í viðeigandi þáttum hæfnismats.

*Ástráður* stendur fremstur umsækjanda í þessum þætti hæfnismatsins, en hann sinnti fjölbreyttum og umfangsmiklum lögmannsstörfum í um 25 ár, þar af sem



hæstaréttarlögmaður frá árinu 1995. Næst honum kemur *Ragnheiður* og loks *Sandra*. Sem fyrr segir hefur Ásmundur ekki reynslu í þessum þætti hæfnismats.

#### 5.4. *Reynsla af stjórnslustörfum*

*Ásmundur Helgason* starfaði í tæp sjö ár sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis og í um tvö ár sem lögfræðingur á skrifstofu Alþingis, nær allan tímann sem aðallögfræðingur. Hann var formaður fornleifanefndar frá 2010 til 1. janúar 2013, en aðeins eitt mál kom til kasta nefndarinnar. Hann var varaformaður kærunefndar barnaverndarmála frá 2013 til ársloka 2015 og tók sæti þar í einu máli. Hann var settur formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála til þess að fjalla um kæru í einu máli. Frá 2016 hefur hann verið varamaður í úrskurðarnefnd velferðarmála, en tók sæti í forföllum skipaðs nefndarmanns haustið 2017 og sat þar til loka þess árs og aftur frá september 2019 til febrúarloka 2020. Hefur hann tekið þátt í úrlausn um 75 mála. Frá árinu 2014 hefur hann setið í prófnefnd um réttindi til að verða héraðsdómslögmaður.

*Ástráður Haraldsson* sat í umferðarnefnd Reykjavíkur 1990-1994 og gegndi formennsku í rannsóknarnefnd sjóslysa 1991-1992. Árin 1999-2003 sat hann í kærunefnd húsnæðismála. Þá sat hann í útvarpsréttarnefnd 1998-2004 og í yfirkjörstjórn Reykjavíkur 1995-2003 og var formaður hennar 2006. Í landskjörstjórn sat hann frá 2003-2018, þar af sem formaður í þrjú ár.

*Ragnheiður Bragadóttir* var skipuð varamaður í óbyggðanefnd í sjö ár, frá 1998 til 2005, en á þeim tíma tók hún þátt í samningu sjö úrskurða í jafn mörgum málum. Frá 2000-2005 var hún skipuð varaformaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og tók sæti sem formaður nefndarinnar við afgreiðslu sjö mála. Hún var skipuð aðalmaður í samkeppnisráði 1. maí 2002 til 1. júlí 2005, en á þeim tíma tók ráðið ákvörðun í samtals 22 málum.

*Sandra Baldvinsdóttir* starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu frá 1. nóvember 1999 til 30. september 2006, fyrir utan tímabil sem hún var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur um 5 mánaða skeið á árinu 2006. Hún starfaði lengst af á dómsmála- og löggæslusviði, en á lagaskrifstofu ráðuneytisins frá september 2005 þar sem hún m.a. kvað upp fjölda úrskurða, undirbjó lagafrumvörp og reglugerðir, stýrði og sat í fjölda nefnda og sinnti alþjóðastarfi á vettvangi Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og Norðurlandaráðs. Hún var fulltrúi í prófnefnd um útgáfu

vottorða til flutninga á hættulegum farmi 2005-2007 og hefur verið varamaður í kærunefnd útboðsmála frá því í maí 2013, þar sem hún hefur tekið sæti í 36 málum, þar af þremur sem formaður.

#### 5.4.1. *Reynsla af stjórnarsýslustörfum - samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Innbyrðis eru þau þó afar ólík. Í mörgum tilvikum eru viðfangsefni sem falla undir stjórnarsýslustörf unnin sem aukastörf samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki eins þungt við mat á hæfni umsækjenda samkvæmt þessum matsþætti. Þó skiptir máli hvort slík störf nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010, svo sem seta í úrskurðarnefndum og eftir atvikum formennska í þeim. Verður eins og endranær litið til þessara starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma.

Með vísan til ofanritaðs stendur *Ásmundur* fremstur í þessum matsþætti en hann starfaði sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis um árabíl. Næst honum kemur *Sandra* sem starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, fyrst á dómsmála- og löggæslusviði, en síðar á lagaskrifstofu ráðuneytisins. Næst þeim koma jafnsett *Ástráður* og *Ragnheiður*.

#### 5.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

##### 5.5.1. *Kenndsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

*Ásmundur Helgason* var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands í fjögur ár á árabílinu 2002-2010 og kenndi aðallega starfsmannarétt, en einnig stjórnarsýslurétt. Einnig var hann stundakennari við félagsvísindadeild sama skóla 2004-2009 og kenndi þar stjórnarsýslurétt, en þó aðallega reglur um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna á námskeiði um mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera. Þá hefur hann verið prófdómari í stjórnarsýslurétti og opinberum starfsmannarétti við lagadeild Háskóla Íslands. Í nokkur skipti hefur hann einnig kennt þingreglur á námskeiði fyrir verðandi lögmenn. Kennsluferill umsækjandans sem stundakennara spannar því nokkur ár.

*Ástráður Haraldsson* var dósent í hlutastarfi við Háskólann á Bifröst á árunum 2002-2017 og kenndi þar fyrst og fremst vinnurétt, stjórnarsýslurétt og starfsmannarétt. Síðari árin fékkst hann aðallega við kennslu í fullnusturéttarhari. Árin 2002-2006 kenndi



hann á námskeiði Lögmannafélags Íslands til öflunar málflutningsréttinda og var prófdómari í vinnurétti við lagadeild Háskóla Íslands 2000-2004, auk þess að vera stundakennari í vinnurétti við sama skóla á árunum 2000 og 2004. Hann á því að baki um fimmtán ára kennsluferil í hlutastarfi, en jafnframt starfaði hann sem lögmaður á sama tíma.

*Ragnheiður Bragadóttir* annaðist stundakennslu í lögfræði við viðskiptadeild Háskóla Íslands árin 1997 og 1998 og í samningarétti við lagadeild sama skóla á haustmíssi 1998.

*Sandra Baldvinsdóttir* hefur ekki reynslu af kennslu á háskólastigi, en hún kenndi á námskeiði til löggildingar fasteignasala árið 1999.

#### 5.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf - samanburður

Þrjú umsækjenda hafa sinnt stundakennslu á háskólastigi, en í mismiklu mæli þó. Við mat á þeim þætti er hér fyrst og fremst horft til umfangs kennslunnar og tímalengdar. Að því virtu er það niðurstaða dómnefndar að *Ástráður* standi fremstur umsækjenda í þessum matsþætti og næst á eftir honum komi *Ásmundur*. Þar á eftir kemur *Ragnheiður*, en *Sandra* hefur ekki reynslu sem hér skiptir máli.

#### 5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

*Ásmundur Helgason* ritaði fjóra kafla í fyrsta bindi bókarinnar *Stjórnarráð Íslands 1964-2004*, tvo kafla einn og tvo ásamt öðrum. Þá var hann höfundur eins kafla í bráðabirgðaútgáfu að kennsluriti í opinberum starfsmannarétti, en sá kafli hefur nú verið uppfærður og mun koma út síðar á árinu í riti um opinberan starfsmannarétt. Hann hefur ritað fjórar greinar um lögfræði sem birst hafa í lögfræðiritum og safnritum í lögfræði, þar af eina ritýnda. Þá hefur hann flutt erindi á ýmsum vettvangi, þar með talið á sviði réttarsögu og réttarfars, héraðs og erlendis.

*Ástráður Haraldsson* hefur ritað fjórar tímaritsgreinar um lögfræðileg málefni. Þá getur hann um 13 erindi og framsögur af sama toga sem hann hefur flutt á ýmsum vettvangi, þar með talið á sviði réttarfars.

*Ragnheiður Bragadóttir* tilgreinir í umsókn sinni að hún hafi flutt erindi um lögfræði á ýmsum vettvangi héraðs.

*Sandra Baldvinsdóttir* hefur flutt erindi um lögfræði á ýmsum vettvangi héraðs, þar með talið á sviði réttarfars.

#### 5.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður

Við mat á þessum þætti er fyrst og fremst horft til ritrýnds efnis og framlags til lögfræðinnar sem fræðigreinar, fjölda greina og bóka eða bókarkafla. Samkvæmt því stendur *Ásmundur* fremstur, en rit hans og greinar hafa ótvírætt hagnýtt og fræðilegt gildi. Næstur honum kemur *Ástráður*. Í ljósi þess að framlag þeirra *Ragnheiðar* og *Söndru* er mun minna í þessum þætti matsins þykir ekki tilefni til að gera upp á milli þeirra.

#### 5.6. Reynsla af stjórnun

*Ásmundur Helgason* gegndi um hálfis árs skeið starfi skrifstofustjóra umboðsmanns Alþingis og var um hríð aðallögfræðingur Alþingis, en því starfi fylgdi að vera ritari landskjörstjórnar. Þá var hann um skeið formaður fornleifanefndar, varaformaður kæruneftndar barnaverndarmála þar sem hann tók sæti í einu máli og settur formaður áfrýjunarneftndar samkeppnismála í einu máli.

*Ástráður Haraldsson* stóð að rekstri lögmannsstofu í um 25 ár. Þá fylgdu stjórnunarverkefni hlutastarfi hans sem forstöðumaður vinnuréttarsviðs Alþýðusambands Íslands. Á árunum 1991-1992 var hann formaður rannsóknarneftndar sjóslysa, formaður landskjörstjórnar 2009-2011 og yfirkjörstjórnar Reykjavíkur árið 2006. Loks getur hann í umsókn sinni um störf sem skiptastjóri í nokkrum stórum þrotabúum er fylgt hafi umfangsmikil stjórnunarverkefni.

*Ragnheiður Bragadóttir* starfaði sem dómstjóri við Héraðsdóm Austurlands á árunum 2005 til 2008. Hún rak eigin lögmannsstofu frá 2002- 2004, en með öðrum til ársins 2005. Á árunum 2000-2005 var hún varaformaður úrskurðarneftndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og tók sæti sem formaður nefndarinnar við afgreiðslu sjö mála. Um eins árs skeið var hún varaformaður Lögmannafélags Íslands.

*Sandra Baldvinsdóttir* gegndi formennsku í átta nefndum og starfshópum á meðan hún starfaði í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á árunum 1999-2006, auk þess að vera varaformaður í einni nefnd. Frá árinu 2013 hefur hún verið varamaður í kæruneftnd útboðsmála en hún hefur tekið sæti í þremur málum sem formaður.

#### 5.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður

Í þessum þætti er um að ræða samanburð á reynslu umsækjenda af viðfangsefnum af margvíslegum ýmsum toga, sem öll eiga það sameiginlegt að hafa



falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Þar reynir á að veða tímalengd, vægi viðfangsefnanna og það að í mörgum tilvikum eru þau unnin samhliða öðru starfi og innan sama tímaramma. Að þessum atriðum gættum stendur *Ástráður* fremstur umsækjenda í þessum matsþætti, en næst honum kemur *Ragnheiður*. Loks koma *Ásmundur* og *Sandra* og þykir ekki ástæða til að gera upp á milli þeirra.

#### 5.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

*Ásmundur Helgason* tók þátt í undirbúningi að setningu laga um rannsóknarnefnd Alþingis og um breytingu á þingskapalögum. Einnig sinnti hann ráðgjöf fyrir ráðuneyti við undirbúning frumvarpa til laga, svo sem laga um Stjórnarráð Íslands, laga um menningarminjar, laga um skil menningarverðmæta til annarra landa og safnalaga. Jafnframt samdi hann frumvarp til laga um breytingu á lögum um utanríkisþjónustu Íslands. Þá sat hann um skeið í fagráði sem undirbjó námskeið fyrir dómara og aðstoðarmenn þeirra á vegum dómstólaráðs.

*Ástráður Haraldsson* stýrði ásamt öðrum vinnu við gerð frumvarps til breytinga á vatnalögum og kom að störfum sem tengjast undirbúningi lagasetningar og fullgildingu EES-gerða, bæði sem lögfræðingur Alþýðusambands Íslands og sem ráðgjafi fjármálaráðherra á árunum 2009-2013. Þá átti hann sæti í stjórn Lögmannafélags Íslands hluta árs 2007, sat í stjórn Háskólans á Bifröst um sex ára skeið og í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hluta ársins 2007. Frá ársbyrjun 2019 hefur hann verið í hlutastarfi sem aðstoðarsáttasemjari við embætti ríkissáttasemjara.

*Ragnheiður Bragadóttir* kom sem stjórnarmaður í Lögmannafélagi Íslands og Dómarafélagi Íslands að umfjöllun og ritun umsagna um lagafrumvörp.

*Sandra Baldvinsdóttir* sat í stjórn Dómarafélags Íslands frá 2013-2018 og í siðaráði sama félags frá nóvember 2018.

#### 5.7.1. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. - samanburður*

Reynsla umsækjenda af öðrum störfum getur eðli málsins samkvæmt bæði verið mismikil og afar mismunandi. Við mat verður m.a. að líta til þess hvort umsækjandi hafi unnið störf sem telja verður nytsamlegan undirbúning fyrir dómarastörf, en hafa ekki verið metin að verðleikum í öðrum þáttum mats hér að framan. Með öðrum orðum,

störf sem unnin eru til viðbótar aðalstarfi. Þar getur verið um að ræða reynslu af lagasetningu, úr alþjóðastarfi á stjórnsýslustigi eða annað.

Með vísan til framanritaðs telst *Ásmundur* standa fremstur í þessum þætti matsins. Næstur honum kemur *Ástráður*, en *Ragnheiður* og *Sandra* hafa ekki reynslu sem hér skiptir máli.

#### 5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Enn fremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í auglýsingu um hið lausa dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu tvo umsagnaraðila. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Dómnefndin tók mið af umsögnum þeirra er umsækjendur höfðu tilnefnt sem umsagnaraðila. Aðalsteinn E. Jónasson landsréttardómari og Hervör Lilja Þorvaldsdóttir forseti Landsréttar gáfu umsögn um Ásmund Helgason. Daði Kristjánsson héraðsdómari og Símon Sigvaldason, dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Ástráð Haraldsson. Sigurður Tómas Magnússon landsréttardómari og Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari gáfu umsögn um Ragnheiði Bragadóttur. Gunnar Aðalsteinsson, fyrrverandi dómstjóri við Héraðsdóm Reykjaness, og Stefán Eiríksson útvarpsstjóri gáfu umsögn um Söndru Baldvinsdóttur.

Dómnefndin hefur haft umsagnir þessara umsagnaraðila, sem almennt eru jákvæðar í garð hlutaðeigandi umsækjenda, til hliðsjónar við mat sitt. Af umsögnunum og athugunum nefndarinnar verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010.



Þá hefur ekkert komið fram sem bent getur til þess að reglusemi umsækjenda sé ábótavant.

#### 5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

##### 5.9.1 Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Við mat á kunnáttu/hæfni í réttarfari hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir, en reynsla þeirra er aftur á móti mismikil á einstökum sviðum réttarfars. Dórnafnd telur að þegar metið er hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu geti skipt máli reynsla af dóms- og málflutningsstörfum, auk hugsanlegs framlags í formi kennslu, fræðiskrifa eða samningar lagafrumvarpa á sviði réttarfars. Nefndin telur einnig eðlilegt að horfa til reynslu umsækjenda af öðrum sviðum réttarfars. Í einhverjum tilvikum getur verið um að ræða aukastörf samhliða aðalstarfi, en aðallega verður horft til reynslu viðkomandi þar sem unnin hafa verið störf þar sem reynir á þekkingu í réttarfari. Við mat á þessum þætti er horft til þess sem fjallað hefur verið um í köflum 5.2–5.7, að kafla 5.6 undanskildum.

Að þessu virtu er það niðurstaða dórnafndar að *Ásmundur*, *Ragnheiður* og *Sandra* hafi með störfum sínum sem rakin eru hér að framan öðlast slíkt vald á réttarfarsreglum, jafnt á sviði einkamála og sakamála, sem og fullnusturéttarfars, að ekki sé ástæða til að gera upp á milli þeirra í þessum matsþætti. *Ástráður* stendur þeim að baki í þessum þætti, enda hefur hann ekki öðlast reynslu af sakamálaréttarfari utan meðferðar rannsóknarúrskurða.

##### 5.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli

Í 4. gr. reglna nr. 620/2010 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo

og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Enn fremur hvort hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma.

Í dómum Hæstaréttar 19. desember 2017 í málum nr. 591/2017 og 592/2017 var m.a. fjallað um umsögn dómnefndar um hæfni umsækjenda um fimmtán embætti dómara við Landsrétt, dags. 19. maí 2017. Í dómunum var fallist á að sá annmarki væri á umsögninni að nefndin hafi ekki sérstaklega lagt mat á færni hvers og eins umsækjenda til að semja dóma. Í samræmi við þessa athugasemd Hæstaréttar hefur dómnefnd lagt sérstakt mat á hæfni hvers og eins umsækjenda á þessu sviði. Var það einkum gert á grundvelli þeirra dóma sem fylgdu umsóknum umsækjenda, en einnig voru dómar valdir af handahófi úr eldri úrlausnum sem þeir hafa komið að, svo sem heimilt er að gera samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010. Laut athugun nefndarinnar sérstaklega að því hvort umsækjendur hafi farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, hve gott vald þeir hafi á réttarfarsreglum og hve vel þeir séu að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Jafnframt var til þess horft hve auðvelt umsækjandi eigi með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Niðurstaða þessa mats er að dómsúrlausnir *Ásmundar* beri af að gæðum, hvort sem horft er til skýrleika og málfars, reifunar málsatvika, ágreiningsefna og málsástæðna, og loks rökstuðnings fyrir niðurstöðu á grundvelli sönnunar- og lagaatriða. Næst honum kemur *Ragnheiður*, en úrlausnir hennar eru einnig mjög vel samdar. Fast á hæla hennar kemur *Sandra* og loks *Ástráður*.

*5.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi*

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði dregin af dómarastörfum, lögmannsstörfum, stjórnarsýslustörfum og öðrum störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þessa og með hliðsjón af umsögnum umsagnaraðila telur nefndin að allir umsækjendur séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og



sanngirni og muni afgreiða þau mál sem þeim eru fengin bæði fljótt og af öryggi. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að þessu leyti.

## 6. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hver eða eftir atvikum hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti landsréttardómara sem auglýst var laust til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín samkvæmt 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þau sjónarmið hafa samkvæmt eðli máls og orðalagi laganna og reglnanna mismunandi vægi innbyrðis, þótt öll séu þau mikilvæg, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu án tillits til hinna. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/2016, reglna nr. 620/2010 og meginreglum stjórnarsýsluréttar ber að byggja niðurstöður á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða.

Hluti starfs dómnefndar fólst í viðtölum við alla umsækjendur. Ákvæði áður nefndra laga og reglna, svo og meginreglur stjórnarsýsluréttar og hefðbundið vinnulag dómnefndar, a.m.k. frá 2010, krefjast þess að matsþættir sem tilteknir eru í reglum nr. 620/2010 séu greindir af eins mikilli nákvæmni og unnt er. Þrátt fyrir þetta hlýtur matið einnig að byggjast á lögfræðilegri þekkingu nefndarmanna, reynslu þeirra af dómstörfum, af lögmennsku og stjórnarsýslu og dómgreind þeirra. Nefndarmönnum er ljós skylda þeirra til þess að vinna samkvæmt reglunum svo að allir umsækjendur njóti fullrar sanngirni. Þótt þættir séu metnir samviskusamlega breytir það því ekki að slíkt mat verður ekki unnið af vélrænni nákvæmni og þýðingarlaust er að láta sem svo sé.

Í samræmi við grundvöllinn sem lagður er í lögum nr. 50/2016, reglum nr. 620/2010 og fyrri störfum dómnefndar samkvæmt lögunum skiptir mestu máli að umsækjendur hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum landsréttardómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmennsstörfum og þeim stjórnarsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig skiptir máli hvort þau verkefni sem umsækjendur hafa fengist við séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Ekki þykir hins vegar ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með

langa starfsreynslu að baki, þótt einn þeirra eða fleiri hafi gegnt starfi nokkru lengur en annar. Og þótt farsæl starfsreynsla og fjölbreytileiki hennar gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma engu að síður önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu þeirra álitamála sem leysa þarf úr fyrir dómi, virðing hans fyrir viðfangsefninu og málsaðilum, hæfni hans í mannlegum samskiptum og vitund um þá miklu ábyrgð sem starfinu fylgir.

Nefndarmenn hafa kynnt sér ítarlega umsóknir, ferilskrár, innsend gögn umsækjenda og opinberar upplýsingar og er álitid byggt á því sem þar kemur fram. Þá telja nefndarmenn að heildstætt mat byggt á málefnalegum sjónarmiðum hljóti að taka mið af því sem um er getið í umsögnum þeirra sem umsækjendur tilgreindu. Ekki er síður mikilvægt, og hafði töluvert vægi við matið, það sem fram kom í viðtölum við umsækjendur og lýsti viðmóti þeirra, faglegri þekkingu, viðhorfi til lögfræði- og dómstarfa og einlægni í afstöðu til viðfangsefna nú og áður.

Pegar lagt hefur verið heildstætt mat á þá þætti sem fjallað er um hér að framan, þ.e. menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 620/2010 er það mat nefndarinnar að Ásmundur Helgason standi öðrum umsækjendum framar. Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir hefur Ásmundur til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu. Að loknu embættisprófi í lögfræði starfaði hann í tæp sjö ár sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis, var aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt í rúm tvö og hálf ár og í um tvö ár sem lögfræðingur á skrifstofu Alþingis, nær allan tímann sem aðallögfræðingur. Þá hefur hann sinnt kennslu, meðal annars verið stundakennari við lagadeild og félagsvísindadeild Háskóla Íslands þar sem hann kenndi starfsmannarétt og stjórnslurétt. Hann hefur ritað greinar um lögfræðileg efni, jafnframt sem hann hefur flutt erindi. Að auki hefur Ásmundur setið í nokkrum stjórnslunefndum, ýmist sem aðalmaður eða varamaður, og tekið þátt í meðferð fjölda mála á þeim vettvangi.

Ásmundur starfaði í ríflega sjö og hálf ár sem héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, en tók við embætti landsréttardómara í janúar 2018. Þá hefur hann verið fastur dómari í Félagsdómi frá nóvember 2013 og setið sem varadómari í Hæstarétti í fimm málum. Af innsendum gögnum hans og þeim dómum og úrskurðum sem sætt



hafa áfrýjun til Hæstaréttar má ráða að dómstörf hans hafi verið fjölbreytt og að þau taki til flestra réttarsviða.

Að mati dómnefndar hefur Ásmundur sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá vefst ekki fyrir honum að takast á við og leysa úr flóknum og erfiðum lögfræðilegum álitaefnum. Hefur hann góða þekkingu á íslensku máli og á auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Sem dómari hefur hann að mati dómnefndar sýnt að hann hafi einkamála- og sakamálaréttarfar mjög vel á valdi sínu auk þess að fara að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Sama á við um hæfileika hans til að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi. Af umsögnum er ljóst að Ásmundur á auðvelt með mannleg samskipti hvort sem um er að ræða samstarfsmenn eða þá sem eiga erindi við hann. Þá fer gott orð af honum innan og utan starfs og mun reglusemi hans í engu vera ábótavant.

Með vísan til alls framanritaðs er það niðurstaða dómnefndar að Ásmundur sé hæfastur umsækjenda til að gegna embætti dómara við Landsrétt.

### Ályktarorð:

Sá umsækjandi sem metinn er hæfastur til þess að hljóta skipun í embætti dómara við Landsrétt, og auglýst var laust til umsóknar 3. janúar 2020, er Ásmundur Helgason.

Reykjavík 18. mars 2020

  
Ingimundur Einarsson

  
Kristín Benediktsdóttir

  
Óskar Sigurðsson

  
Eyvindur G. Gunnarsson

  
Sigríður Þorgeirsdóttir